

**3233. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
11. janúar 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolffsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi og Steinar Dagur Adolffsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolffsson, sviðsstjóri.

Rakel Óskarsdóttir stýrir fundinum í fjarveru bæjarstjóra, sbr. verklag bæjarráðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1801118 - Reglur um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar**

Tillaga velferðar- og mannréttindaráðs um breytingu á 11. gr. í reglum um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar.

*Bæjarráð samþykkir tillögu ráðsins um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð Akraneskaupstaðar og vísar þeim til endanlegrar samþykktar í bæjarstjórn Akraness.*

*Gert var ráð fyrir úgjöldunum í samþykktari fjárhagsáætlun ársins 2018.*

**2. 1612050 - Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning**

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti á 73. fundi sínum þann 10. janúar síðastliðinn breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning á Akranesi sem samþykktar voru í bæjarstjórn Akraness þann 10. janúar 2017. Breytingarnar snúa að orðalagi greina, viðbætum og hækkun tekjuviðmiða sem liggja til grundvallar ákvörðunar húsnæðisbóta hverju sinni. Breytingar á reglum eru í samræmi við leiðbeinandi reglur Velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar breytingum á reglum til staðfestingar í bæjarráði og bæjarstjórn.

*Bæjarráð samþykkir tillögu ráðsins um breytingar á reglum um sérstakan húsnæðisstuðning og vísar þeim til endanlegrar samþykktar í bæjarstjórn Akraness.*

*Ekki er gert ráð fyrir að breyting á reglum feli í sér aukinn kostnað fyrir Akraneskaupstað.*

**3. 1801079 - Bílaleigusamningur vegna búsetuþjónustu**

Samningur um langtímaleigu á bifreið í búsetuþjónustu fyrir fatlaða rennur út í lok janúar næstkomandi. Verðkönnun hefur farið fram hjá þremur bílaleigufyrirtækjum innan rammasamnings ríkiskaupa. Verðkönnunin var gerð til að fá fram þau verð sem aðilum að rammasamningum standa til boða.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti á 73. fundi sínum þann 10. janúar síðastliðinn að leggja til við bæjarráð að gengið verði til samninga við titekna bílaleigu. Kostnaður við samninginn rúmast innan fjárhagsáætlunar á árinu 2018.

Velferðar- og mannréttindaráð vísar samþykkt sinni til staðfestingar í bæjarráði.

*Bæjarráð samþykkir erindið. Gert er ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun ársins.*

**4. 1703139 - Brú Lífeyrissjóður - breyting á A deild**

Samkomulag um uppgjör lífeyrisskuldbindinga.

*Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi samkomulag við Brú Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga sem er tilkomið vegna samkomulags aðila vinnumarkaðins á breytingum á lífeyrissjóðakerfinu, á A-deildum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brúar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, sbr. breytingar á lögum nr. 1/1997 með lögum nr. 127/2016 og breytingum á samþykktum Brúar Lífeyrissjóðs frá 8. maí 2017 sbr. staðfestingu fjármála- og efnahagsráðherra frá 1. júní 2017. Heildarskuldbinding Akraneskaupstaðar samkvæmt samkomulaginu er að fjárhæð kr. 476.567.517 vegna framlags í jafnvæggissjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð og hefur verið gert ráð fyrir útgjöldunum með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 372 mkr. og með framlagi úr sjóð.*

*Bæjarráð heimilar og felur bæjarstjóra að skrifa undir samkomulagið og öðrum nauðsynlegum löggerningum þess efnis f.h. Akraneskaupstaðar.*

*Bæjarráð vísar samþykktinni til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu.*

**5. 1711001 - Bjarg íbúðafélag umsókn um stofnframlag okt 2017**

Misræmi er fjárhæð stofnaframlags í umsókn Bjargs til Íbúðalánasjóðs (ÍLS) og í samþykkttri fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar.

Kallar á ákvörðun bæjarráðs um breytingu á fjárhagsáætlun en samþykkt stofnframlags Akraneskaupstaðar er lægra en fram kemur í umsóknargjöldum til ÍLS.

*Bæjarráð samþykkir stofnframlag Akraneskaupstaðar vegna uppbyggingar Bjargs íbúðafélags á samtals 33 íbúðum á byggingarlóðunum Asparskógi nr. 12, nr. 14. og nr. 16 á Akranesi.*

*Heildarstofnframlag Akraneskaupstaðar er 12% af kr. 773.510.058 eða samtals kr. 92.821.207 og er innt af hendi í formi gatnagerðar- og þjónustugjalda að fjárhæð kr. 47.595.558 og beinu framlagi úr sjóð að fjárhæð kr. 45.225.649. Framlagið er innt af hendi á framkvæmdatíma sem er áætlaður 3 ár að hámarki.*

*Bæjarráð vísar samþykktinni til gerðar viðauka og endanlegrar samþykktar í bæjarstjórn.*

2 



**6. 1801138 - Búnaðar- og áhaldakaup 2018 - tækjakaupasjóður**

Erindi Tónlistarskólans á Akranesi um tölvukaup fyrir skólann.

*Bæjarráð samþykkir erindi skólastjóra Tónlistarskóla Akraness um framlag úr tækjakaupasjóði vegna kaupa á 10 IPAD en um er að ræða afgreiðslu á síðari hluta umsóknar frá því nóvember á síðasta ári.*

*Bæjarráð samþykkir úthlutun að fjárhæð kr. 1.662.000 af liðnum 20830-4660.*

**7. 1712111 - Baugalundur 8 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Vil ehf. um byggingarlóð við Baugalund 8. Umsóknargjald hefur verið greitt svo að umsókn er nú tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar Baugalundur nr. 8 til umsækjanda.*

**8. 1801127 - Reglur 2018 - afsláttur af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega**

Reglur 2018 um afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega á Akranesi.

Andrés Ólafsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð samþykkir reglur um afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega á Akranesi fyrir árið 2018 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.*

**9. 1801042 - Þorablót Skagamanna - tækifærisleyfi til áfengisveitinga í Íþróttahúsinu við Vesturgötu**

Erindi sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er eftir umsögn Akraneskaupstaðar vegna tækifærisleyfi fyrir Þorablót Skagamanna sem haldið verður þann 20. janúar næstkomandi frá kl. 18:00 til kl. 03:00 aðfaranótt 21. janúar.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við veitingu leyfisins.*

**10. 1801132 - Skagamaður ársins 2017**

Tilnefningar til bæjarráðs um Skagamann ársins 2017.

*Bæjarráð samþykkir tilnefningu um Skagamann ársins 2017 og afhendingin fer fram á þorablóti Skagamanna laugardaginn 20. janúar næstkomandi.*

**11. 1801121 - Sjónvarpsþættirnir Að vestan - þátttaka Akraneskaupstaðar**

Erindi framkvæmdastjóra N4 um samstarf við gerð þáttanna Að Vestan.

*Bæjarráð samþykkir áframhaldandi samstarf við N4 og felur bæjarstjóra að útfæra samkomulagið.*

**12. 1801111 - Fiskistofa - tilkynningar 2018**

Tilkynningar frá Fiskistofu.

*Lagt fram.*



Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:20.

Rakel Óskarsdóttir  
Fngibjörg Valdimarsd.  
Fngibjörg Haukadóttir  
Vilborg Þ. Guðbjartsd.  
Ólafur Þ. Jónsson  
Sævar Ásgeirsson